

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur er taki gildi 1. nóvember 2000.

Frá og með 1. nóvember 2000 verður gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur, nr. 555 18. október 1996, með áorðnum breytingum, sem hér segir:

1. Notendagjöld:

Orkugjald Dalvík	kr.	34,05 pr. m ³
Orkugjald Árskógsströnd	kr.	50,39 pr. m ³
Mælagjald	kr.	12,23 pr. dag
Lokunargjald	kr.	2.339

2. Tengigjöld:

Lágmarksgjald miðað við 400 m ³	kr.	121.210
Gjald fyrir hús umfram 400 m ³	kr.	152

Iðnaðarráðuneytinu, 18. október 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlýgsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Að beiðni flutningsmiðlara skal tollstjóri staðfesta hvort viðtakandi vöru njóti greiðslufrests á aðflutningsgjöldum samkvæmt reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, og/eða hvort tollafgreiðsla hafi verið stöðvuð hjá honum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. tölul. orðast svo:

Ekki skal reikna aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 2. tölul. 6. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.

b. 3. tölul. orðast svo:

Reikna skal 570 kr. í áætluð aðflutningsgjöld af vörum sem falla undir 3. tölul. 6. gr. Heimilt skal við fullnaðartollafgreiðslu að skila aðeins einni aðflutningsskýrslu í nafni flutningsmiðlara vegna allra sendinga sem þar falla undir. Þó skal reikna aðflutningsgjöld og skila aðflutningsskýrslu í samræmi við ákvæði 4. tölul. ef áfengi eða tóbaksvörur eru í sendingu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. nóvember 2000.

Fjármálaráðuneytinu, 11. október 2000.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarhúss og bílageymslu í landi Reykjavols, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag íbúðarhúss og bílageymslu í landi Reykjavols í Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 27. september 2000.

Skipulagstillagan tekur til spilldu sem er 9200 m² úr landi Reykjavols og gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir eitt íbúðarhús og bílageymslu.

Skipulagssvæðið er austan Efra-Hvols og Ásgarðs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 18. október 2000.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundahúsasvæðis í landi Ærlækjar í Öxarfjarðarhreppi.

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps hefur samþykkt deiliskipulag frístundahúsasvæðis í landi Ærlækjar í Öxarfjarðarhreppi. Skipulagssvæðið er skammt ofan Lundarskóla, syðst í landi Ærlækjar, neðan vegarins heim að Smjörhóli norðan Þangbrandslækjar. Landið er vaxið birkikjarri þannig að lítið kemur til með að sjást á milli húsa. Þegar eru hús á sex lóðum og þau byggð á árunum 1974 til 1990.

Tillagan, uppdráttur og greinargerð voru til sýnis á skrifstofu Öxarfjarðarhrepps, Bakkagötu 10, Kópaskeri, frá og með 30. júní til 28. júlí 2000. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Byggingarfulltrúi Þingeyinga, 11. október 2000.

Gaukur Hjartarson.